

Húnabyggð 7. nóvember 2023.

Berist; Fjárlaganefnd

Erindi; beiðni frá Textílmíðstöð Íslands um fjármögnun tveggja starfa að samtals 20 milljónir-.

Stafræn smiðja Textílmíðstöðvar Íslands var opnuð 21. maí 2021 og er viðurkennd sem kennslustaður aðljóðlega samstarfsnetsins um textílnám; [Fabric Academy](#). Fabric Academy var haldin á Íslandi í fyrsta skipti hjá Textílmíðstöðinni 2022-2023 og gerði þátttakan í aðljóðlega verkefninu [Centrinno](#) það mögulegt.

Með tilkomu Textíllabsins urðu til fyrstu og einu rannsóknainnviðir á Íslandi í textíl en styrkur til uppbyggingarinnar fékkst úr Innviðasjóði 2020 og Húnabyggð hefur séð starfseminni fyrir húsnæði.

Beiðni er um um; Laun umsjónaraðila með tækjabúnaði og grunnþjónustu í Textíllabinu.

Laun sérfræðings sem lokið hefur náminu hjá Fabric Academy og uppfyllir þ.a.l. kröfur til að hægt sé að bjóða upp á námið á Íslandi og taka þátt í innlendum og aðljóðlegum samstarfsverkefnum.

Textílmíðstöðin hefur verið með samning við HVIN og er verið að endurskoða þá samninga en ekki er komið í ljós hvernig nýr samningur verður. Á síðasta ári fékk Textílmíðstöðin 7 milljónir- úr Lóu til að ráða tímabundið sérfræðing frá 1. júlí en ljóst er að það fjármagn dugir skammt fram á næsta ár og þjálfun starfsmanns tekur tíma og því mikilvægt að geta auglýst starf nýs sérfræðings sem fyrst svo að skörun verði og ekki þurfi að byrja aftur frá grunni.

Ein meginforsenda innviða uppbyggingar (þ.m.t. styrks úr Innviðasjóði) er gott aðgengi og hafa; nemendur, kennarar, frumkvöðlar, handverksfólk, sauðfjárbændur, nemendur í hönnun á háskólastigi og fl. nýtt aðstöðuna til rannsókna, þróunar og nýsköpunar.

Textílmíðstöðin tekur þátt Horizon 2020 verkefninu Centrinno. Megináherslan í því verkefni er á að byggja upp öflugar stafrænar smiðjur í níu Evrópuborgum. Þátttakan hefur valdið algjörrri umbyltingu á starfsemi Textílmíðstöðvarinnar og gríðarleg þekkingaryfirfærsla hefur átt sér stað. Textílmíðstöðin tók þátt í verkefninu [SheMakes](#) en í því verkefni fólst samstarf textílsmiðja í Evrópu. Textílmíðstöðin er jafnframt þátttakandi í Horizon 2022 verkefninu [Tracks4Crafts](#) sem hófst í mars og eru rannsóknarinnviðirnir nauðsynleg forsenda þess samstarfs.

Ef ekki fæst fjármagn til reksturs Textíllabsins og áframhaldandi óvissa ríkir um hvort sú nýsköpun, þróun og þátttaka í innlendum og aðljóðlegum rannsóknarverkefnum fái stuðning, er ljóst að uppbygging innviða og þekkingar hefur verið til lítils. Stuðningur fjárlaganefndar skiptir sköpun því annar nær þessi vaxtasproti ekki að vaxa og blómstra og með því skila nýjum störfum og verkefnum til landshluta sem býr við fábrotið atvinnulíf.

Virðingarfyllst;

Fyrir hönd Textílmíðstöðvar Íslands:



Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístex og formaður stjórnar



Elsa Arnardóttir forstöðumaður Textílmíðstöðvar Íslands